„Þyrfti að vera brennivín við innganginn"

Baltasar sýnir núna að Kjarvalsstöðum. Sýningu hans lýkur á morgun, sunnudag, en þessa helgi verður málarinn viðstaddur og ræðir við þá, sem vilja, um myndir sínar.

„Það er verst með íslendinga, hvað þeir eru feimnir að tala. Maður þyrfti að hafa brennivín við innganginn, svo fólk færi að tjá sig.

Mér finnst gaman að heyra, hvað fólk hefur að segja um myndirnar. Hvernig því finnst þær vera — góðar eða slæmar".

Baltasar hefur fjórum sinnum sýnt í Reykjavik og einu sinni í London, en hann er Spánverji að uppruna, eins og menn vita.

„Ég veit ekki, hvort ég er frekar spánskur málari en íslenzkur. Ég held að hver maður sé það sem umhverfið gerir úr honum. Ég veit ekki".

Það virðist þó, að Baltasar hafi heillazt af ýmsu á íslandi t.d. hestum, því hestamyndir hans eru nokkuð áberandi.

„Hestar eru skemmtilegir. Þeir eru hvort tveggja, farartæki og vinir mannsins. Ég á nokkra hesta sjálfur, sem ég hef í Kópavogi."

Kópavogsbúar virðast reyndar hafa sterkar taugar til þessa spánska íslendings, því listasafn í Kópavogi varð fyrst til þess íslenzkra safna að kaupa mynd af Baltasar. Safnið keypti málverk af Thor Vilhjálmssyni rithöfundi.

„Þessar myndir á sýningunni hef ég allar málað á síðasta ári — eða einu og hálfu ári."

Samtals eru 57 myndir á sýningunni að Kjarvalsstöðum, og eru margar þeirra þegar seldar.

Opið er í dag, og á morgun verður opið frá 10-22.

—GG



Baltasar og mynd hans af Thor Vilhjálmssyni, sem Kópavogskaupstaður keypti.

Alþýðublaðið í nýjar hendur

Yfirtaka Blaðs hf. á rekstri Alþýðublaðsins hefur farið fram samkvæmt yfirlýsingum, sem Alþýðuflokkurinn og Alþýðublaðsútgáfan hf. birta í Alþýðublaðinu í gærmorgun og fara hér á eftir:

„Gengið hefur verið frá breytingu á rekstrartilhögun Alþýðublaðsins miðað við 1. marz sl. þannig að Alþýðublaðsútgáfan hf., sem annazt hefur reksturinn s.l. tvö ár, hættir, en við tekur nýtt félag, Blað hf. Vil ég fyrir hönd Alþýðuflokksins þakka forráðamönnum og starfsfólki Alþýðublaðsútgáfunnar gott samstarf á þessu tímabili og er það jafnframt skoðun mín, að það samstarf hafi verið til góðs fyrir Alþýðublaðið."

Þetta eru orð Gylfa Þ. Gíslasonar, formanns Alþýðuflokksins. Þetta skrifar hann í fyrradag, en þá er einnig eftirfarandi ritað af hálfu Alþýðublaðsútgáfunnar:

„Alþýðublaðsútgáfan vill nú, er hún hættir rekstri Alþýðublaðsins þakka öllu starfsfólki, svo og viðskiptavinum blaðsins og forráðamönnum Alþýðuflokksins gott og ánægjulegt samstarf sl. tvö ár. Jafnframt viljum við óska hinum nýju rekstraraðilum, fyrirtækinu Blaði h.f., góðs gengis og árangursríks starfs við útgáfu blaðsins.

Það skal tekið fram af þessu tilefni, að allar skuldbindingar vegna rekstrar Alþýðublaðsins frá 1. marz 1972 til 1. marz 1974 eru hinum nýju rekstraraðilum óviðkomandi og mun Alþýðublaðsútgáfan sjálf annast allar greiðslur í því sambandi, svo og innheimta allar útistandandi skuldir."

Þetta undirrita þeir Axel Kristjánsson, formaður Alþbl.útgáfunnar, og Benedikt Jónsson framkvæmdastjóri.

Kútter Haraldur og Gamli Ford á þjóðhátíð á Akranesi

Akurnesingar ætla að gera sitthvað til að lífga upp á þjóðhátíðarhöldin í sumar.

Kiwanismenn á Akranesi keyptu fyrir nokkru gamlan „kútter" í Færeyjum, sem er í meginatriðum eins og „Kútter Haraldur", eitt frægasta skip íslendinga. Á að sigla honum frá Færeyjum í sumar og taka á móti honum með pomp og pragt á hafnargarðinum. Er ekki að efa að hann fær nafnið Kútter Haraldur.

Annan forngrip má svo sjá á götum Akraness í sumar. Lionsklúbburinn á Akranesi keypti hræ af gömlum Ford bil, T-módelinu svokallaða, sem var langvinsælasti bíllinn í gamla daga. Þessi bíll er af árgerð 1918.

Verið er að koma bílnum í ökuhæft ástand, blása ryð af honum og gera vélina upp. Ný dekk voru keypt undir hann erlendis frá, og komu þau til landsins í gærkvöldi.

Bíllinn á að vera tilbúinn fyrir 20. júní, en þá á að ferja hann með Akraborginni eða nýju ferjunni, ef hún verður komin. Þegar komið verður til Akraness, verður bíllinn gangsettur við mika viðhöfn og ekið gegnum kaupstaðinn, upp á byggðasafnið, þar sem hann og Kútter Haraldur verða svo geymdir.

—ÓH

„Við þörfnumst þín, þú okkar"



Þeir voru að selja happdrættismiða Slysavarnafélagsins niðri við höfn í hádeginu í gær. Í skærgulum stökkum stöðvuðu þeir verkamenn og sjómenn og buðu þeim miða í landshappdrætti Slysavarnafélagsins.

Undirtektirnar voru eins og vænta mátti — allir keyptu miða.

Nú um helgina ætla slysavarnamenn að selja miða um allt land. Einkunnarorð þessa happdrættis eru: „Við þörfnumst þín — þú okkar". Er við því að búast, að almenningur bregðist jafnhraustlega við og fólkið við Vesturhöfnina, þegar til þess var leitað.

Til að auðvelda öflun happdrættismiðanna getur fólk fengið þá senda til sín um helgina, með því að hringja í síma 20360, milli klukkan 1 og 7, laugardag og sunnudag.

— ÓH/Ljósm. BG

Regnhlífabúðin, Laugavegi 11



Snyrtifræðingur frá þessari verksmiðju verður í verzlun okkar allan mánudaginn 11. þ.m.

Regnhlífabúðin,
Laugavegi 11.